



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1306

FUNDARBOÐ

**1306. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
28. janúar 2020 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2001229 - Skýrsla bæjarstjóra 2020

Sævar Freyr Práinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 23. október 2019.

2. 2001232 - Kosning í ráð og nefndir 2020

Ása Katrín Bjarnadóttir varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar hefur óskað eftir lausn frá störfum sem varamaður í skóla- og frístundaráði.

3. 2001139 - Kjarasamningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar sl. kjarasamning Verkalýðsfélags Akranes og Sambands íslenskra sveitarfélaga og vísar honum til endanlegrar staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

4. 1912242 - Lögreglusamþykkt - sameiginleg samþykkt á Vesturlandi

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum, þann 16. janúar sl. sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi og vísar henni bæjarstjórnar Akraness til staðfestingar.

5. 1911022 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áf. - Asparskógar 19 og 21.

Skipulags- og umhverfisráð tók fyrir deiliskipulagsbreytingu vegna Asparskóga 19 og 21 á fundi sínum þann 13. janúar sl. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Asparskóga 12, 14, 16 og 18 frá 14. nóvember til og með 12. desember 2019. Engin athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

6. 2001061 - Reglur 2020 - afsláttur af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar sl. reglur um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega á Akranesi fyrir árið 2020 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

7. 1909037 - Suðurgata 107 - umsókn um byggingarleyfi

Sótt var um stækkun (viðbygging) á 2. hæð fjölbýlishússins við Suðurgötu 107, Akranesi. Stækkunin felst í því að byggja sólstofu yfir hluta af svölum 2. hæðar. Heimilt nýtingarhlutfall er 0,5. Eftir stækkun verður nýtingarhlutfall lóðarinnar 0,48.

Breytingin var grenndarkynnt á skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum að Suðurgötu 103, Sunnubraut 14, 16 og 18. Engar athugasemdir bárust, samþykki barst frá Sunnubraut 16.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bærarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir til kynningar

8. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3399. fundargerð bæjarráðs frá 16. janúar 2020.

9. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

120. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 14. janúar 2020.

121. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 16. janúar 2020.

122. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 21. janúar 2020.

10. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð

140. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 13. janúar 2020.

11. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð

119. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 22. janúar 2020.

12. 2001014 - Fundargerðir 2020 - Faxaflóahafna

187. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 17. janúar 2020.

Sævar Freyr Þráinsson, bærarstjóri.